



### Fundargerð

**Yfirskrift / efni:** 2. fundur stjórnar KLÍ 2014-2015  
**Staðsetning:** Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
**Hvenær:** Þriðjudaginn 12.08.2014 kl. 17.30  
**Mætt(ir):** Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) ÍR formaður  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) ÍR 2.varamaður  
Viktor Davíð Sigurðsson (VDS) KFR ritari

**Fjarverandi:** Höskuldur Þór Höskuldsson (HÞH) KR varaformaður  
Jón Grímsson (JG) ÍR gjaldkeri  
Theódóra Ólafsdóttir (TÓ) KFR meðstjórnandi  
Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) ÍR 1.varamaður  
Karenina Kristín Chiodo (KKC) ÍFH 3.varamaður

**Helstu mál:** Upphaf leiktímabils og deildir. Dómgæsla og dómaramámskeið.  
Mótaskipulag. Fundardagar og tími. Breytingar á almennum  
keppnisreglum. Starfsmannamál. ECC2014.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Síðasta fundargerð

Sampykkt fundargerð 1.fundar stjórnar KLÍ dags. 04.06.2014.

#### 2. Upphaf leiktímabils og deildir.

Rennt yfir skráð lið í deild, deildarbikar og bikarkeppni liða. ÞMP spyr hvort athugasemdir séu við að KFR-Lærlingum var synjað þátttöku í deildarbikar. Umsókn barst of seint og ekki hægt að gera undanþágu þar sem þegar var orðið sléttfullt í riðla. Engar athugasemdir frá fundarmönnum. Unni Vilhjálmssdóttur verður sent yfirlitið svo hún geti farið að útbúa reikninga á liðin. Deildarskipulagið reifað og rætt. Huga þarf fljótlega að því að panta sal vegna árhátíðar sem er sett þann 11.apríl 2015. Ekki gerðar athugasemdir við dagskránnu og því ætlar ÞMP að senda formönnum hana til skoðunar. Inn á dagskrá vantar þó ýmis aukamót, sem koma inn síðar (sjá lið nr. 3).

#### 3. Dómgæsla og dómaramámskeið

Reynir Þorsteinsson hefur verið falið að vinna að útfærslu á skiptingu milli félaga á dómgæslu. Þegar þeirri vinnu lýkur þá verður það sent formönnum til yfirlstrar. Lögð áhersla á það að það muni ekki snúast um hvort heldur með hvaða hætti dómgæslu verður háttað. Rædd sérstaða Akureyrarliða, og stefnt að því að þau spili sína leiki í sama húsi á sama degi þegar þau taka leiki við 2 lið í einu. Einfaldar þetta margt, þ.m.t. dómgæslu. Þórir Ingvarsson hefur tekið að sér að skipuleggja dómaramámskeið. Fundarmenn sammála um að sennilega sé best að stefna að virkum degi eftir kl. 18 en þetta þarf að ræða nánar.

#### 4. Mótaskipulag

Ætlar ÞMP að senda formönnum mótaskipulagið eins og það er nú til yfirlstrar og óska eftir því við þá að þeir sendi Andrésí formanni mótanefndar upplýsingar um þau viðbótarmót sem félögin ætli að halda, svo hægt sé að setja það inn í dagskránnu.

#### 5. Fundardagar og tími.

Sampykkt að stinga upp á það við aðra í stjórn að fimmtudagar kl. 17.30 verði fundardagar og tími.

#### 6. Breytingar á almennum keppnisreglum.

VDS kallar saman sem allra fyrst nefnd sem búið var að skipa ásamt VDS þeim Þóri Ingvarssyni, Valgeiri Guðbjartssyni, Magnúsi Reynissyni og Arnari Sæbergssyni.

#### 7. Starfsmannamál

Ákveðið að færa þetta til næsta fundar þar sem starfsmaðurinn ÞMP er einn af einungis 3 sem mættir eru á fundinn, og kemur til með að stíga til hliðar þegar það verður rætt.

#### 8. ECC2014.

ÞMP bendir á heimasíðu mótsins sem er [www.ecc2014.is](http://www.ecc2014.is) og hefur ÞMP unnið heilmikla undirbúningsvinnu en ýmislegt þarf að fara yfir og vinna að. Verður nánar rætt á næsta fundi.

#### 9. Önnur mál.

Engin.

**Fundi slitið kl 18:50**